

Nd.

225. Breytingartillögur

[102. mál]

við frv. til l. um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 2. gr.
 - a. Á eftir 1. málsgr. komi: Þar sem í lögum þessum er rætt um skip 350 rúmlestir og minni, eru undanskildir sérsníðaðir skuttogarar með aflvél 1000 bremsuhestöfl eða stærri.
 - b. Við A. 4. Í stað „4ra sjómílna“ komi: 3ja sjómílna.
 - c. Við B. 1. Í stað orðanna „réttvísandi suðaustur af Selskeri (64°32,8' n.br. 14°07,0' v.lg.)“ komi: réttvísandi austur af Hvalsnesi (64°24,1' n.br. 14°32,5' v.lg.).
 - d. Við B. 1. Í stað „6 sjómílna“ komi: 4ra sjómílna.
 - e. Við C. 1, 2. og 3. Í stað orðanna „réttvísandi suðaustur af Selskeri (64°32,8' n.br. 14°07,0' v.lg.)“ komi: réttvísandi austur af Hvalsnesi (64°24,1' n.br. 14°32,5' v.lg.).
 - f. Við C. 3 bætist: Togveiðar verði þó ekki heimilar á svæði milli línu, sem dregin er réttvísandi suður af Hvalsnesi (64°24,1' n.br. 14°32,5' v.lg.), og að línu sem hugsast dregin réttvísandi suður frá Hálsakerjum, innan 6 sjómílna frá landi, á tímabilinu frá 1. maí til 1. október.
 - g. Við C. 5. Í stað „6 sjómílna“ komi: 4ra sjómílna.
 - h. Á eftir lið C. 5 komi nýr liður, sem verður C. 6 og orðast svo:
Á svæði, sem afmarkast af línu, sem hugsast dregin réttvísandi austur af Hvalsnesi, að línu, sem hugsast dregin réttvísandi suður af Hvalsnesi, er öllum skipum heimilt að veiða allt að 6 sjómílum frá fjöruborði á tímabilinu frá 1. maí til 31. desember.
 - i. Nýr liður, C. 7, orðist svo:
Frá 17° v.l. að línu, sem hugsast dregin réttvísandi suður af Lundadrang, er öllum skipum heimilt að veiða allt að 6 sjómílum frá grunnlínu á tímabilinu frá 1. ágúst til 31. desember.
 - j. Við D. 2. Liðurinn orðist á þessa leið: Á svæði, sem takmarkast að austan af 21° v.lg. og að vestan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi suður af Reykjanesaukavita, er öllum skipum heimilt að veiða á tímabilinu frá 1. janúar til 15. maí með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómíllur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972, sbr. þó 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972.
 - k. Nýr liður, D. 6, bætist við, svo hljóðandi:
Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu frá 1. janúar til 15. september upp að suðurströnd meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af lengdarbaug 21°57' v.l. og að vestan af lengdarbaug 22°32' v.l.
 - l. Nýr liður, D. 7, bætist við, svo hljóðandi:
Á svæði, sem takmarkast að austan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi suður af Lundadrang, og að vestan af 21° v.l., er öllum skipum heimilt að

veiða allt að 6 sjómílum frá grunnlínu á tímabilinu frá 1. ágúst til 31. desember

- m. Við E. 1. Í stað „12 sjómilur“ komi: 6 sjómilur.
- n. Við F. 2. Liðurinn orðist svo:
Á svæði, sem takmarkast að sunnan af línu réttvísandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga (sjá F. 1.) og að norðan af 65°05' n.br., er auk þess heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 6 sjómilur utan við grunnlínu, skv. reglugerð nr. 189/1972.
2. Við 7. gr. Við greinina bætist: Ráðuneytinu er heimilt, í samráði við Haf-
rannsóknastofnunina, að ákveða hámarkshlutfall smáfisks af afla veiðiskipa,
sem landa má úr hverri veiðiferð, og viðurlög við brotum á þeim reglum.
3. Við 9. gr. Á eftir orðunum „sem landa má“ komi: og um búnað veiðarfæra á
þilfari skuttogara, sem eru í fiskveiðilandhelgi, þar sem þeim er óheimil veiði.
4. Við 10. gr.
 - a. Við 1. tölulið. Orðin „fyrir eitt ár í senn“ falli niður.
 - b. Við 1. tölulið. Setningin „og gilda leyfin fyrir eitt veiðitímabil í senn“ falli
niður.
 - c. Niðurlag 1. töluliðs frá og með orðunum „Heimild þessi“ falli niður.
 - d. Við 4. tölulið. Orðin „eingöngu“ í 1. málslíð falli niður.
 - e. Við 4. tölulið. Á eftir orðinu „nauðsynleg“ í 2. málslíð hljóði niðurlagið
svo: þar á meðal, að allur afli annar en síld sé upptækur til Landhelgis-
sjóðs Íslands, ef hann fer fram úr ákveðnum hluta af heildarafla.
 - f. Við 5. tölulið. Á eftir orðinu „veiðarfæri“ í 2. málslíð komi orðin: umfram
ákveðið hlutfall af heildarafla.
 - g. Við 5. tölulið. Í stað orðanna „til ríkissjóðs“ í lok 2. málslíðar komi: til
Landhelgissjóðs Íslands.
5. Við 11. gr.
 - a. 2. og 3. töluliður verði sameinaðir í 2. tölulið, sem verði svo hljóðandi:
Ef um er að ræða skip frá 106—350 brúttó rúmlestir að stærð, skulu sektir
nema 4000—20000 gullkr.
 - b. 4. og 5. töluliður verði sameinaðir í 3. tölulið, sem verði svo hljóðandi:
Ef um er að ræða skip frá 351 brúttó rúmlest og stærri, skulu sektir nema
15000—60000 gullkr.
6. Við 14. gr. Í stað orðanna „að 2 árum“ í 1. málslíð komi: að 6 mánuðum.